

**22. september 2011.**

**Mættir: Lúðvík, Freydís, Elsie, Harpa, Júlíus, Hilmar, Falur, Sigurbjörn, Guðmunda og Sigurbjörg. Anthony yfirþjálfari var einnig á fundinum.**

**1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.**

**2. Ný stjórn Sundráðs ÍRB**

Formaður Freydís Kneif Kolbeinsdóttir meðstjórnendur: Sigurbjörg , Sigurbjörn, Helga Atlad og Lúðvík. Varamenn Elsie og Falur.

**3. Skráningar**

Nú eru um 220 sundmenn skráðir. Nokkrir hafa hætt í mánuðinum vegna veikinda og slysa. Yngri hópar eru fullir og biðlistar í mörgum. Þurfum aðeins fleiri sundmenn og vonandi skrá sig fleiri á næstu dögum. Ef ekki fjölgar í hópum þurfum við jafnvel að sameina hópa.

**4. Bréf frá foreldri**

Farið yfir bréfið og gerð drög að svarbréfi. Fali, Elsie og Freydísi falið að ljúka við bréfið og senda.

**5. Æfingarferðir**

Burns mótinu hefur verið frestað. Annað mótt verður í Sheffield sömu helgi 28.-29. janúar. Mjög líklegt að við getum sent flesta í Afrekshópi á þetta mótt en lágmörkin eru erfið. Þá verður farið í stutta æfingarferð að sumri með Afrekshópinn. Ant sendir foreldrum bréf vegna mótsins og útskýrir lágmörk að mögulegt sé að ekki allir komist með.

Framtíðarhópur stefnir á ferð til Danmerkur. Rætt um að ferðin þyrfti ekki að vera löng, 5-7 dagar nægjanlegir.

**6. Önnur mál**

- a) Afmælismót SSÍ verður í Kópavogi. Freydís ætlar að athuga með dagsetningar. 25. – 27. nóvember hentar vel.
- b) Bakpokarnir. Fundinum líst vel á dýrari pokann. Hugmynd að senda auglýsingu á foreldra og þá geta foreldrar nýtt þetta sem jólagjöf. Hjördísi falið að ganga í málið sem fyrst.
- c) Sundmennirnir sem eru á leið til Nýja – Sjálands fara í kringum 6. des og koma mánuði síðar. Þeir munu synda á móti, taka þátt í sjósundi og gera ýmislegt skemmtilegt með fjölskyldunum sem hýsa þá. Sundmenn frá sömu fjölskyldum eru svo væntanlegir til Íslands í sumar og dvelja hjá íslensku fjölskyldunum.
- d) Rætt um innheimtu á æfingargjöldum. Ef foreldrar skulda two mánuði eða meira þurfa gjaldkerar að hafa samband við viðkomandi og biðja þá um að ganga frá sínum málum þar sem það eru biðlistar í marga hópa.
- e) Dómaranámskeið, 10 manns hafa skráð sig. Klemenz tilbúinn að taka að sér námskeiðið en stjórnin þarf að senda bréf til SSÍ, dómaranefndar og óska eftir námskeiði með honum.
- f) Foreldrafundur vegna ÍM25 verður 25. október kl. 19:30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:50.

Næsti fundur 1. nóvember kl. 19:15.

Fundargerð ritaði Sigurbjörg Róbertsdóttir